

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – 126. fundur 24. mars 2010, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Þorsteinn Finnbogason, Íris Róbertsdóttir, Magnús Sigurðsson, Ólafur Elísson, Hafsteinn Gunnarsson, Hjördís H. Friðjónsdóttir og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

1. Skólastarfið: Frá síðasta fundi hefur skólastarfið gengið eðlilega. Dagana 3. -5. mars voru “opnir dagar” sem enduðu með árshátíð, sem var til fyrirmyndar af hálfu nemenda. Lýstu fundarmenn ánægju yfir þeirri jákvæðu þróun sem orðið hefur í skemmtanahaldi nemenda. Loðnutörnin var styttri en oft áður og truflaði því skólastarfið minna. Fjarvistir nemenda þegar önnin var rúmlega hálfnuð voru mjög svipaðar og undanfarnar vorannir. Val nemenda fyrir haustönn stendur yfir. Próf hefjast 5. maí og skólaslit verða 22. maí.

Skólasamningsfundur var haldinn í ráðuneytinu 9. mars og mættu þar skólameistari og áfangastjóri, ásamt fulltrúum ráðuneytisins. Farið var yfir flesta þætti skólastarfsins og fram kom m.a. að í lokagerð fjárlaga ársins 2010, var rekstrarframlag til skólans hækkað um rúmar 3 milljónir. Gert er ráð fyrir 10% niðurskurði í rekstri á þessu ári, en á fundinum lögðum við mikla áherslu á að ársnemendatala næstu fjárlaga verði nær veruleikanum en verið hefur undanfarin ár. Námskeið (Outlook) fyrir starfsfólk var haldið eftir kennslu þann 12. febrúar. Útlit er fyrir að ráða þurfi fleiri stuðningsfullrtúa, vegna fjölgunar nemenda á starfsbraut.

2. Fjárhagur: Farið var yfir stöðuna og er nú ljóst að mjög hefur gengið á uppsafnaðan rekstrarafgang. Skólinn fékk að millifæra 18 milljónir af 19,1 millj. milli árunna 2008 og 2009. Mismunurinn 1,1 milljón var felld niður með ákvörðun fjármálaráðuneytis. Fundurinn samþykkti að sent yrði erindi í fjárm.ráðun. til að freista þess að hnekkja þeirri ákvörðun, meðal annars vegna þess að stærsti hlutinn af uppsöfnuðum afgangi var fjármagn eyrnamerkt ákveðnum verkefnum, sem höfðu frestast.

3. Önnur mál: Rætt var um næstu skref varðandi íþróttakademíu, sem stefnt er að koma af stað á næsta vetri í samvinnu við ÍBV.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 13:10

Ólafur H. Sigurjónsson